



## SEIÐAELDI Á LAXABRAUT 11 Í ÞORLÁKSHÖFN

Deiliskipulag – greinargerð - TILLAGA

08.11.2021



ÖLFUS





## MÁLSMEDFERÐ

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 1. gr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Ölfuss þann \_\_\_\_\_

f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss

---

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
AB	ÁJ	8689-010



## EFNISYFIRLIT

MÁLSMEDFERÐ	3
1 INNGANGUR	7
1.1 Markmið	7
1.2 Skipulagsgögn	7
2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	8
2.1 Skipulagssvæðið	8
3 FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG AÐRAR ÁÆTLANIR	10
3.1 Aðalskipulagi	10
3.2 Deiliskipulag	11
3.3 Fornminjar	11
3.4 Náttúruvá	11
4 SKILMÁLAR	12
4.1 Sérákvæði	12
4.2 Aðkoma og bílastæði	12
4.3 Veitur	12
4.4 Vatnsnotkun og borholur	13
4.5 Frárennsli og úrgangur	13
4.6 Heilbrigðis- og umhverfismál	14
4.7 Sorpgeymslur	14
4.8 Mæliblöð og hæðarblöð	14
4.9 Skilti og lýsing	14
4.10 Frágangur	15
5 UMHVERFISSKÝRSLA	15
5.1 Vægi umhverfisáhrifa	15
5.2 Umhverfismat valkosta og niðurstaða	17
5.3 Niðurstaða	19
6 MÁLSMEDFERÐ OG UMSAGNIR	19
6.1 Umsagnaraðilar deiliskipulags	19
6.2 Skipulagsferli	19



## 1 INNGANGUR

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði 13 í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 skv. breytingu sem samþykkt var í maí 2016. Skipulagssvæðið er 5,2 ha og liggur sunnan Laxabrautar sem liggur til vesturs frá Þorlákshöfn.

Deiliskipulagið nær til Laxabrautar 11 (L228679) í Þorlákshöfn en þar er fyrirhugað seiðaeldi og mögulega þaueldi á laxi eða öðrum fisktegundum. Eldið er stækkun á núverandi eldi á aðliggjandi lóð, Laxabraut 9.

Svæðið er óbyggt. Á lóðinni er fyrirhugað að reisa mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennislagna, ásamt lagningu vegaslóða, vinnuplana, borhola og bílastæða. Vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum innan lóðar. Frárennsli verður leitt til sjávar. Á lóðunum tveimur er ráðgert að framleiða allt að 2.500 tonn af laxi og laxaseiðum á ári.

Framkvæmdir á svæðinu falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar dags. 19.04.2021.

### 1.1 Markmið

Markmiðið með deiliskipulagi Laxabrautar 11 er að stuðla að frekari uppbyggingu fiskeldis og ákvarða byggingarmagn, hæðir húsa, nýtingarhlutfall, aðkomu og frárennsli fyrir starfsemina. Í dag er sami lóðarhafi á lóðum Laxabrautar 9 og 11 og verður starfsemin á Laxabraut 11 stækkun á núverandi rekstri Laxabrautar 9. Öll uppbygging er þó hugsuð sem sjálfstæð eining og er því lagt fram nýtt deiliskipulag fyrir Laxabraut 11 en ekki gerð breyting á gildandi deiliskipulagi fyrir Laxabraut 9. Samanlögð framleiðslugeta á lóðunum tveimur verður 2.500 tonn af laxi og laxaseiðum sem skiptist u.þ.b. til helminga á lóðirnar tvær.

Reist verða mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennislagna, ásamt lagningu vegaslóða og plana og bílastæða. Vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum á svæðinu. Frárennsli verður leitt til sjávar gegnum útrás frá lóðinni. Seiði verða flutt af svæðinu í eldi annarsstaðar á landinu.

### 1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn fyrir Laxabraut 11 eru:

- Greinargerð, dagsett 8.11.2021.
- Deiliskipulagsuppdráttur, dags. 8.11.2021.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

### 2.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið liggur sunnan við götuna Laxabraut í Þorlákshöfn og vestan við lóðina Laxabraut 9. Lóðin er óbyggð en við sjávarkambinn eru fjögur fiskeldisfyrirtæki starfandi í dag.




**MYND 1.** Yfirlitsmynd yfir fyrirhugað skipulagssvæði. Lóðin er innan rauða hringsins ©map.is

Aðkoma er annarsvegjar að austanverðu um Óseyrarbraut og Hafnarskeið inn á Nesbraut og eftir Laxabraut. Gert er ráð fyrir að Laxabraut tengist Suðurstrandarvegi í náinni framtíð og verður þá möguleg aðkoma að vestan án þess að fara gegnum þéttbýli Þorlákshafnar.


Hraun er einkennandi fyrir lóðina sem og iðnaðarsvæðið í heild sinni, en hraunið myndar ströndina á 14 km kafla frá Þorlákshöfn og vestur að Selvogsvita, austur af Herdísarvík. Yfirborð þess er fremur slétt og ósprungið sandorpið hraun og gróðurþekja fremur lítil og minnkar verulega er nær dregur strönd. Hraunið þekur allt skipulagssvæðið og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd, sjá mynd 2.





**MYND 2.** Á svæðinu er forsögulegt hraun, skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Skipulagið hefur engin áhrif á vistkerfi með hátt verndargildi, sjá mynd , en á svæðinu eru eyðihraunavist (L6.1) og mosahraunavist (L6.3) sem eru með lágt og miðlungs verndargildi.



**MYND 3.** Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins

Vistgerðarkortið er unnið í mælikvarða 1:25.000 og gefur því nokkuð skýra mynd af vistgerðum svæðisins en er aðeins til hliðsjónar þar sem deiliskipulag er í mun stærri mælikvarða.

Úti fyrir ströndinni er sterkur sjávarstraumur sem þynnir frárennsli mjög hratt. Straumurinn mun bera næringarefni sem berast frá eldinu til vesturs, frá ósum Ölfusár.

### 3 FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG AÐRAR ÁÆTLANIR

#### 3.1 Aðalskipulagi


Í gildi er Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 sem tók gildi í október 2012.

Lóðin Laxabraut 11 er innan iðnaðarsvæðisins I3 í aðalskipulagi og innan þéttbýlismarka. Iðnaðarsvæðið hefur verið tilgreint fyrir starfsemi, sem þarfnast nálægðar við sjó. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag og samræmist áherslum þess en þar segir:

„Í framtíðinni þarf að auka fjölbreytni atvinnulífsins. Atvinnulóðir fyrir vestan byggðina í Þorlákshöfn skapa möguleika fyrir fyrirtæki að byggja upp fjölbreytta atvinnustarfsemi. Frekari fullvinnsla hráefnis er berst á land auk fiskeldis, geta skapa ný atvinnutækifæri.“

Einnig segir í aðalskipulaginu:

„Gert er ráð fyrir að frekari nýting jarðvarma og ferskvatns geti skotið sterkari stoðum undir atvinnulífið, s.s. nýting þessara auðlinda fyrir orku- eða vatnsfrekan iðnað og er horft til þess að orka sem unnin er innan sveitarfélagsin nýtist til uppbyggingar atvinnulífs í sveitarfélaginu.“



**MYND 4.** Gildandi Aðalskipulag 2010-2022 fyrir Sveitarfélagið Ölfus. Svæðið sem deiliskipulagt verður er innan rauða hringins.

Í töflu 2 koma fram skilmálar aðalskipulagsins um iðnaðarsvæði I3.

Tafla 1. Skilgreining iðnaðarsvæðisins í aðalskipulagi

NR.	NAFN	LÝSING Á NÚVERANDI STARSEMI	FULLBYGGT	
			STÆRÐ Í HA	Nýt.hlf.
I-3	Laxabraut	Feyging og fiskeldi. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins.	60,4	0,2-0,5

### 3.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu en á aðliggjandi lóð, Laxabraut 9, er í gildi deiliskipulag frá 2016 sem mun haldast óbreytt.

### 3.3 Fornminjar

Engar þekktar fornleifar eru innan skipulagssvæðisins.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

### 3.4 Náttúruvá

Náttúruvá í Ölfusi er einna helst vegna jarðskjálfta. Upptök stórra skjálfta liggja austarlega á A-V jarðskjálftabeltinu á Suðurlandi. Skjálftarnir verða sterkastir næst skjálftamiðju, en það dregur úr styrkleikanum eftir því sem vestar dregur. Vægari skjálftar en tíðari eiga upptök sín á Hengilssvæðinu og nálægð Þorlákshafnar og Ölfuss við það sprungusvæði er mun meiri en við skjálftaupptök Suðurlandsskjálfta. Vegna jarðskjálftahættu er nauðsynlegt að hyggja sérstaklega vel að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, misgengi eða stallar undir sökklum. Samkvæmt ÍST 13/1989 er Ölfus á álagssvæði nr. 4 og gilda þar sérstakar reglur um burðarþol bygginga.

Sjávarflóð geta orðið undir vissum kringumstæðum og mikil sjór hlaðist um við ströndina sem brotnar inn yfir landið. Ekki er talin hætta af þess háttar náttúruvá á svæðinu þar sem lóðin stendur tiltölulega hátt yfir sjávarmáli en gera skal ráð fyrir að slíkar aðstæður geti komið upp.

## 4 SKILMÁLAR

### 4.1 Sérákvæði

Deiliskipulagsuppdrátturinn sýnir byggingarreit. Reisa má mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka innan hans ásamt öðrum búnaði er seiða- og fiskeldi krefst. Allir meginhlutar bygginga skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði. Staðsetning bygginga er frjáls innan byggingarreits. Hámarks mænishæð skal vera 12,5 m yfir uppgefnum gólfkóta á mæli- og hæðarblaði en hámarks veggshæð 9 m. Þakhalli má vera á bilinu 1° til 15°. Önnur mannvirki eins og síló eru með hámarkshæð 12,5 m. Eldsker skulu vera felld að hluta til niður í jörð og fyllt að þeim til að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra sem ekki verða yfirbyggð.

Nýtingarhlutfall á svæðinu skal takmarkast við stuðulinn 0,5.

Athafnasvæði lóðarinnar verður afgirt. Heimilt er að girða á lóðamörkum eða innan lóðar með allt að 2,5 m hárrí girðingu. Til að draga úr ásýnd og til skjólmyndunar er mælt til þess að gróðursetja trjá- eða runnabelti við lóðamörk.

Innan byggingarreits er heimilt að vera með fóðurgáma og skal staðsetning þeirra koma fram á aðaluppdrætti.

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og aðrar reglugerðir segja til um. Eftir því sem kostur er verður horft til þess að samræma útlit, þakform, lita- og efnisval á svæðinu. Leitast verður við að mannvirki falli sem best að svipmóti lands skv. 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í megindráttum, hæðartölur á landi við hús og á lóðamörkum, bílastæði, skjólveggjum, girðingum og annað sem skiptir máli fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

### 4.2 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma inn á lóðina er frá Laxabraut. Fjöldi bílastæða innan lóðar skal miðast við þá starfsemi sem fram fer á svæðinu. Bílastæði skulu anna þeirri starfsemi sem verður á lóðinni. Lega aksturssvæðis og bílastæða á uppdrætti eru ekki bindandi.

### 4.3 Veitur

Rafmagn verður lagt í jarðstreng með vegi inn á lóð og neysluvatn fengið frá Vatnsveitu Þorlákshafnar.

#### 4.4 Vatnsnotkun og borholur

Heildarvatnsþörf fyrir Laxabraut 9 og 11 er 5.000 l/s af jarðsjó og 375 l/s af ferskvatni. Grunnástand svæðisins hefur verið metið (eldisstöð Laxa fiskeldis í Þorlákshöfn – Mat á áhrifum aukinnar vatnstöku, Vatnaskil ehf.). Niðurstaða rannsóknarinnar var að vinnsla jarðsjávar og ferskvatns getur teygst á blandlagi sem getur leitt til þess að vinnsla jarðsjávar verði ferskari. Þetta fer eftir ýmsum þáttum eins og vinnslu úr holum, dýpi hola, dýpi fóðringa auk staðsetningar á götum jarðsjávarhola. Vinnsla ferskvatns úr grynnri holum getur einnig dregið saltara vatn frá sjó sem og úr blandlagi að neðan.

Standa skal að vöktun á ástandi grunnvatns og meta áhrif vatnsnotkunnar og seltu og skal dýpt borhola taka mið af ástandi vatns.

Til að draga úr vatnsnotkun verður eldisvatn endurnýtt sem dregur úr vatnsnotkun um 50% og með því er gert ráð fyrir að 0,15 l/m af vatni þurfi fyrir hvert kíló af eldisfiski. Jafnframt minnkar það frárennsli frá stöðinni.

Heimilt er að bora eftir jarðsjó og/eða ferskvatni innan lóðar samkvæmt 14. gr laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og er grunnvatnstaka yfir 70 l/s háð leyfi Orkustofnunar. Gert er ráð fyrir fjórum ferskvatnsborholum nyrst á lóðinni og allt að 10 borholum fyrir jarðsjó syðst á lóðinni eða í landi Ölfuss sunnan hennar. Heimilt er að byggja yfir hverja borholu sem er innan lóðar 4 m<sup>2</sup> skýli með hámarkshæð 3,3 m utan byggingarreits.

Nýting og boranir skulu vera í samráði við Orkustofnun og Umhverfisstofnun og vöktun skal fara fram skv. skilyrðum í starfsleyfi útgefnu af Umhverfisstofnun. Eins og fram kom í umhverfismati verkefnisins er Orkustofnun stjórnsýslustofnun varðandi nýtingu á auðlindum úr jörðu. Lóðarhafi mun því vinna að vöktun á grunnvatni í nánu samstarfi við stofnunina og eftir nánari leiðbeiningum þeirra. Staðsetning borhola á teikningu er leiðbeinandi. Yfirbyggðar borholur eru heimilar utan byggingarreits.

#### 4.5 Frárennsli og úrgangur

Grávatn verður leitt í fráveitu til sjávar. Annað skólp er leitt í rotþró. Staðsetning og frágangur rotþróa skal vera skv. gildandi reglugerðum og í samráði við Umhverfisstofnun. Staðsetning verður innan byggingarreits.

Útrás liggur frá Laxabraut 11 og út í sjó. Setja skal rist í frárennislagnir til að tryggja að fiskur geti ekki sloppið úr stöð til sjávar, eða sambærilegan búnað sem tryggir slysaslepping eigi sér ekki stað.

Eldisstöðin stendur við suðvesturhorn landsins með affall í opið Atlantshafið sem flokkast, skv. reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999, sem síður viðkvæmur viðtaki. Ölduhæð er mikil og sterkir sjávarstraumar tryggja mikla og hraða endurnýjun sjávar sem fyrirbyggir uppsöfnun næringarefna við útrás frárennslis.

Lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður með hliðsjón af 57. gr. laga nr. 55/2003 og í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr., að eins miklu leyti og unnt er, einkum með því að:

- Nota hann í moltugerð og/eða gasvinnslu
- Vinna úr honum áburð
- Nota efni sem eru framleidd úr honum

Sé ekki mögulegt að nýta lífrænan úrgang með ofangreindum aðferðum verður hann urðaður á löggiltum urðunarstað í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Stefnt er á að nota moltutank við stöðina í framtíðinni, með það að markmiði að moltan verði nýtt fyrir frekari framleiðslu á verðmætum.

Frárennsli stövarinnar skal ekki hindra umferð gangandi meðfram ströndinni.

#### 4.6 Heilbrigðis- og umhverfismál

Setja skal upp varnir við slysasleppingum sem samræmist þeim kröfum sem fram koma í 37. gr. reglugerðar um fiskeldi, nr. 1170/2015, og viðauka III og IV við sömu reglugerð og þær yfirfarnar reglulega. Í gildi skal vera viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga og skal hún vera vel kynnt starfsmönnum og aðgengileg í starfsmannaaðstöðu. Við hönnun stöðvarinnar skal taka mið af nýjustu upplýsingum til að koma í veg fyrir sjúkdóma. Mælst er til þess að lyfja- og efnanotkun verði haldið í lágmarki til að koma í veg fyrir mengun.

#### 4.7 Sorpgeymslur

Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð 112/2012. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi að þeim sé gott og þær séu lítt áberandi. Leitast skal við að flokka sorp eins og kostur er og koma því í viðeigandi farveg til endurvinnslu. Um meðferð, flokkun og losun sorps fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

#### 4.8 Mæliblöð og hæðarblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreita, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð.

Hæðarblöð sýna lóðarhæð á lóðarmörkum og hæðartölur fyrir gólfhæð húsa. Mesta hæð á þaki, mænishæð, er einnig gefin í þessum skilmálum. Hæðarblöð sýna enn fremur staðsetningu og hæðir á frárennslis- og vatnslögnum svo og kvaðir um inntök veitustofnana.

#### 4.9 Skilti og lýsing

Merkingar bygginga og skilti skulu vera í samræmi við gildandi reglugerðir og skal gera grein fyrir hvar og hvernig þeim er háttað á viðkomandi byggingu eða lóð hennar.

Starfsemin krefst góðrar lýsingarutandyra og skal útfærsla hennar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar. Í byggingareglugerð nr. 112/2012, 7.2.4. gr segir að: „Lýsing á lóðum skal vera þannig að hún valdi hvorki óþarfa ljósmengun, nágrönnum óþægindum né truflum umferð utan lóðar.“

Litið skal til þess að velja lýsingu við hæfi og lágmarka ljósmagn eins og hægt er. Lýsing utanhúss skal vera óbein, látlaus og glýjulaus með afskermuðum lömpum. Þess verði gætt ljósmagni verði haldið í lágmarki og þess gætt að kastarar lýsi einungis á þá staði sem þörf er að lýsa upp og hún valdi ekki óþægindum eða truflun utan lóðarmarka.

#### 4.10 Frágangur

Almennt skal frágangur lóða vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012. Lóðarhafi ber ábyrgð á að framkvæmdir séu í samræmi við samþykktir og uppgefnar hæðartölur sem fram koma á mæliblaði. Leggja skal áherslu á góða ásýnd lóðar. Lóðarhafi skal girða af athafnasvæði lóðarinnar.

Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi út fyrir lóðamörk. Ekki skal raska meira landi í hverjum byggingaráfanga en fyrirhugað er að nýta í viðkomandi áfanga undir byggingar og athafnasvæði. Leggja skal áherslu á góða ásýnd lóðar.

Skila skal teikningum af lóðafrágangi með byggingarnefndarteikningum. Lóðarhafa er skylt að ganga frá byggingu að utan og lóð samkvæmt skilmálum og samþykktum byggingarnefndarteikningum eigi síðar en tveimur árum eftir að framkvæmdir hefjast.

## 5 UMHVERFISSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu deiliskipulagsins eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Mati á líklegum umhverfisáhrifum er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

### 5.1 Vægi umhverfisáhrifa



Áhrif af stefnu deiliskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð, sjá töflu 1.

**Tafla 1.** Vægi áhrifa.

Skilgreining	Skýring
<p><b>Jákvæð áhrif</b></p> <p>+</p>	<p>Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</p>
<p><b>Engin eða óveruleg áhrif</b></p> <p>0</p>	<p>Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</p>
<p><b>Neikvæð áhrif</b></p> <p>-</p>	<p>Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekna umhverfisþátta/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu riski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.</p>
<p><b>Óviss áhrif</b></p> <p>?</p>	<p>Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.</p>



## 5.2 Umhverfismat valkosta og niðurstaða

TAFLA 2. Umhverfismat valkosta

UMHVERFISÞÆTTIR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ	GRUNNÁSTAND, VALKOSTUR 1	NÝTT SKIPULAG VALKOSTUR 2
Jarðmyndanir	Mun skipulagið fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja.	Engin áhrif -Hraun er einkennandi fyrir svæðið og nýtur verndar skv. 61. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd.	Óveruleg áhrif – Hraun sem er nútímahraun og einkennandi fyrir svæðið mun raskast við framkvæmdina. Hraunið er talsvert sandorpið og hefur því að mörgu leiti tapað verndargildi sbr. umfjöllun í athugasemdum við lög um náttúruvernd. Hraunið er einsleitt og flatt án sérstæðra fyrirbæra svo sem gervigíga og hella.
Gróður og dýralíf	Mun skipulagið hafa áhrif á gróður eða dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir eða dýrategundir?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 60. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og 61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.	Engin áhrif - Dýralíf er fábreytt og gróðurþekja lítil þar sem svæðið er sandorpið hraun	Óveruleg áhrif - Fuglar geta sótt í frárennsli frá stöðinni og gæti það aukið fuglalíf en vegna sterkra strauma og tíðni brims þynnist frárennslið hratt í viðtakanum. Framkvæmdasvæðið flokkast sem eyðihraunavist skv. vistgerðarkorti NÍ sem er algengt á nærliggjandi svæðum og fuglalíf strjált og fábreytt. Skipulagið er því ekki talið hafa teljandi áhrif á gróður, varp eða búsvæði fugla eða annarra dýra.
Fornminjar	Mun skipulagið hafa áhrif á minjar?	Lög um menningarminjar 80/2012 með áherslu á gr. 24	Engin áhrif - Engar þekktar fornminjar eru innan svæðisins	Engin áhrif - Engar fornminjar eru þekktar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og áhrif því engin
Ásýnd og landslag	Mun skipulagið hafa áhrif á ásýnd svæðisins? Mun skipulagið hafa sjónræn áhrif? Mun skipulagið hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag. Stefna um svæðið í aðalskipulagi Ölfus	Engin áhrif - Svæðið milli Laxabrautar og göngustígs sunnan lóðanna er óbyggt.	Óveruleg áhrif -Með uppbyggingu fiskeldisstöðvar breytist ásýnd landsins og í stað lítt raskaðs hrauns verða mannvirki sem rísa upp úr landinu. Svæðið er að byggjast upp lengra til vestur og er hluti af þéttbýli Þorlákshafnar.

UMHVERFISÞÆTTIR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ	GRUNNÁSTAND, VALKOSTUR 1	NÝTT SKIPULAG VALKOSTUR 2
Heilsa og öryggi	Mun skipulagið hafa áhrif á hljóðvist og loftgæði á nærliggjandi svæðum? Mun skipulagið hafa áhrif á umferðaröryggi? Mun skipulagið hafa áhrif á lýðheilsu?	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.  Vegalög nr. 80/2007 Velferð til framtíðar	Engin áhrif - Mjög takmörkuð umferð er um svæðið og engin mengun af mannavöldum.	Óveruleg áhrif - Fiskeldinu fylgir aukin umferð, bæði starfsfólks og vegna flutninga til og frá svæðinu. Reiðleið liggur meðfram Laxabraut og getur umferð haft neikvæði áhrif á hesta. Ekki er verið að fjölga vegtengingum á svæðinu og þurfa því hestamenn ekki að þvera fleiri aðkomur en nú þegar er.
Sjór og strandsvæði	Mun skipulagið hafa áhrif á sjó og/eða strandsvæði?	Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda Skipulagsreglugerð gr. 5.3.2.14 nr. 90/2013	Engin áhrif - Fjörugetið við eldisstöðina er brimasöm hnallungafjara. Fjörugetið er algeng og hefur lágt verndargildi. Í fjörunni er fátæklegt smádyralíf og þörungaflóran einkennist af tegundum sem þola mikið brim	Óveruleg áhrif - Fjaran einkennist af miklu brimi og er því mjög ólíklegt að lífrænt efni nái að safnast upp í fjörunni. Þar sem lífrænt efni frá eldisstöðinni safnast ekki upp er talið að áhrif á fjöruna verði óveruleg. Varnir gegn slysasleppingum eru taldar koma í veg fyrir áhrif á lífríki sjávar. Áhrifin eru þó talin óveruleg.
Samfélag	Mun skipulagið efla atvinnulíf og styrkja byggð?	Stefna um atvinnu í gildandi aðalskipulagi	Engin áhrif - Engin störf / tekjur af svæðinu	Jákvæð áhrif - Gert er ráð fyrir að fiskeldið skapi beina atvinnu á svæðinu og auk þess má gera ráð fyrir þó nokkrum störfum á framkvæmdatíma og afleiddra starfa. Tekjur til sveitarfélagsins aukast í formi skatta og gjalda og auk þess aukast gjaldeyrstekjur til þjóðarbúsins við sölu afurða erlendis.
Grunnvatn	Mun skipulagið hafa áhrif á grunnvatn?	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	Engin áhrif - Engin nýting grunnvatns er á svæðinu	Óveruleg áhrif – Stærsti grunnvatnsstraumur Selvogsstraumsins fellur til sjávar á svæðinu. Dregið er verulega úr vatnspörf með endurnýtingu. Áhrif vegna vatnstöku gætir helst í formi seltubreytinga. Áhrif þess eru afturkræf og óveruleg.

### 5.3 Niðurstaða

Niðurstaða umhverfismats er að uppbygging á lóð Laxabrautar 11 hafi óveruleg áhrif á umhverfið og sé í samræmi við stefnu sveitarfélagsins er varðar uppbyggingu atvinnustarfsemi sem nýtir vatnsauðlindina á svæðinu.

## 6 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNIR

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsing var kynnt sumarið 2021 og bárust umsagnir frá: Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Skipulagsstofnun og Vegagerðinni. Við vinnslu deiliskipulagsins hefur verið tekið tillit til umsagna eftir því sem við á.

### 6.1 Umsagnaraðilar deiliskipulags

Deiliskipulagið verður sent eftirtöldum aðilum til umsagnar á auglýsingatíma tillögunnar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

### 6.2 Skipulagsferli

Skipulagið verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst í nóv/des. 2021 og taki gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda í mars 2022.